

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna stækkunar fiskeldis Íslandsbleikju að Núpsmýri, Öxarfirði



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/182

*Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir mögulega seltóft sem liggur á væntanlegu framkvæmdasvæði
Íslandsbleikju vestan Núpsvatns í Öxarfirði*



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	3
AÐFERÐARFRÆÐI.....	4
NÚPUR – SÖGUÁGRIP	5
FORNLEIFASKRÁ	6
SAMANTEKT	11
HÆTTUMAT.....	12
NIÐURLAG	13
HEIMILDASKRÁ.....	14

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar fiskeldis Íslandsbleikju ehf. að Núpsmýri í Öxarfirðir úr 1600 tonnum í 3000 tonn. Verkið var unnið að beiðni Íslandsbleikju.

Fornleifar hafa ekki verið skráðar á framkvæmdasvæðinu. Í vettvangsferð starfsmanns Minjastofnunar Íslands fundust þar a.m.k. fjórar tóftir og var það niðurstaða stofnunarinnar að skoða þyrfti svæðið nánar og skrá allar minjar er þar kynnu að finnast (sbr. bréf Minjastofnunar til Skipulagsstofnunar dagsett 31. mars 2017).

Umrædd lóð (landnúmer 154196) liggur milli Núpsvatns að austan og Norðausturvegar að vestan. Merki við jörðina Daðastaði afmarka norðurhlið lóðarinnar (sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd). Það eru jafnframt fyrrum hreppamörk Öxarfjarðar- og Presthólahrepps.

Vettvangsferð var farin 8. maí 2017. Framkvæmdavæðið er í norðaustur horni lóðarinnar þar sem fiskeldisstöðin stendur, vestan Núpsvatns. Svæðið var gengið og sýnilega minjar skráðar og mældar upp.

Við áhættumat var stuðst við yfirlitsteikningu af framkvæmdunum frá AVH arkitektastofu.

Við þökkum heimildamönnum okkar Jóni Ingimundarsyni bónda á Núpi og Benedikt Kristjánsson frá Þverá fyrir veittar upplýsingar. Jóhann Zoëga fær þakkir fyrir aðstoð við vettvangsvinnu.

Verkefnisnúmer frá Minjastofnun Íslands: 1863

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirkja og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og

hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.² “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.¹

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögur auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

¹ Heimasíða Alþingis.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers (hér 1863) sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær meint seltóft í landi Núps raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer (Núpur-1863-1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi stækkunar eldisstöðvarinnar. Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1,5m í skekkju.

Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Staðsetning minjanna er gefin í Ísnetshnitum (ISN93).

Núpur – söguágrip

Í máldaga og landmerkjaskrá kirkjunnar í Hafrafellstungu frá því um 1400 segir að kirkjan eigi teiga á Gnúpsmýri², „er Leistur heitir. Hálfsmánaðar verk. Réttýsni vestur frá Lómatind í Hlass hvort viku verk inn af öðru í móts við Gunnsteinsstaðateig.“³ Jörðin Núpur er fyrst nefnd í skrá um kúgildi á jörðum Hólastaðar frá 1449, þar segir að Hólastóll eigi í umboðum Þorsteins Þorleifssonar á Núpi 5 kúgildi.⁴ Næst kemur Núpur fyrir í jarðakaupabréfi frá 1473 þegar Jón Ólason selur sr. Kolbeini Ingimundarsyni þrjú hundruð í Núpi í Öxarfirði fyrir fimm hundruð, heilagri Hólakirkju til eignar.⁵ Jörðin var orðin eign Munkaþverárklosturs þegar jarðabókin var skrifuð 1712.⁶ Núpur var að fornu metin á 12 hundruð.⁷ Þegar nýtt jarðamat var gert 1861 var það fært úr 12 í 9,6 hundruð.⁸

Tvær hjáleigur voru í landi Núps; Gunnsteinsstaðir og Stafn og voru þær komnar í eyði þegar jarðabókin var rituð 1712 þar sem segir: „[...]sem menn ætla að eyðilagst hafi í stóru plágunni.“⁹

Núpur tilheyrði upprunalega hinum forna Skinnastaðahreppi (skiptist síðar í Öxarfjarðahrepp og Fjallahrepp) en er nú í Norðurþingi.

² Núpur er í elstu heimildum ritað Gnúpur en það virðist breytt á 15. öld.

³ Íslenzkt fornbréfasafn III, 652. Gunnsteinsstaðir eru eyðibýli í landi Núps farnir í eyði fyrir 1712.

⁴ Íslenzkt fornbréfasafn V, 39.

⁵ Íslenzkt fornbréfasafn V, 39.


⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI, 319.

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI, 319; Jarðabók Johnsen, 342.

⁸ Ný jarðabók 1861, 129.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI, 320.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitsteikning af tóftunum sem mældar voru upp á og við framkvæmdasvæðið. Tóftirnar sem eru dekkri að lit eru eldri en ljóslitari tóftirnar eru yngri heytóftir. Brotastrikið sem liggur á ská yfir myndina er landamerkjagirðing milli jarðanna Núps og Daðastaða.

Svæðið sem skoðað var var um 3500 fermetrar, þurr grösugur vallendis mói með lyngi og töluverðum víðigróðri. Það liggur skammt vestan Núpsvatns, nyrst í svokallaðri Núpsmýri. Framkvæmdasvæðið afmarkaðist að norðan af landamerkjagirðingu milli Núps og Daðastaða og að sunnan af stæðilegum sandhaug sem þarna er vegna framkvæmda. Minjar fast norðan girðingarinnar voru einnig teknar með vegna nálægðar við væntanlegt framkvæmdasvæði.

Í örnefnaskrá Núps er Núpsmýrarsvæðinu svo lýst: „Suðvestur af Hlassi, nokkru sunnan við Grettisbæli, byrjar mýrarflæmi allmikið, sem heitir Núpsmýri, sem nær svo að merkjum móti Daðastöðum. Hún er nefnd Mýri hér í athugasemdum, en svo er hún alltaf nefnd af heimamönnum. Nyrzt við merkin er Núpsvatn þ.e.a.s. Núpsvatn er á merkjum. Frárennsli úr Núpsvatni, krókótt, heitir Vatnsskurður. Norðan til á Mýrinni heitir Hringflæða, umkringd görðum og skurðum. Austast á Mýrinni, austur af flæðunni, heitir Urðarkelda. Yzt og vestast í Mýrinni er svo Brekkustykki. Suður af því heitar Krókar. Sunnan við vatnið heita Tjarnir, mjög votlent stykki. Norðaustur af Tjörnunum er Fúsatangi, kenndur við sr. Vigfús Benediktsson. Vestur af Mýrinni skagar svo Stóranes fram í Brunná.“ (Örnefnaskrá Núps, 3-4).

Núpur-1863-1

Hlutverk: Sel?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta – er á væntanlegu framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í norðausturhorni lóðar sem fiskeldisstöðin stendur er grösugur mói og þar liggja þrjár fornar tóftir og yngri heytóft.



Mynd 2. Horft til norðurs yfir tóftaþyrpingu [1863-1]. Í forgrunni er syðsta tóftin sem er hálf full af sandi.

Lýsing

Stærsta tóftin er í raun aflöng tóftaþyrping sem í má greina 4 hólfi. Hún liggur nánast norður-suður og er í heild 22m löng og 5m á breidd. Syðstu 3 hólfin eru stæðilegri og virðast heyra saman þó svo að tvö syðstu hólfin kunni að vera aðskildar tóftir. Veggir allt að metri á þykkt og 60cm á hæð. Veggir nyrsta hólfsins eru mun lægri (rétt um 50cm) og líklega leifar eldri tófta. Tóftirnar eru dálítið upphækkaðar sem gæti bent til að þær standi á eldri minjum og nyrsta hólfið kann því að tilheyra eldra byggingaskeiði. Norðanvert fyrir miðju tóftaþyrpingarinnar er upphækkun sem kann að vera yngri viðbót, ef til vill hefur þar verið sett upp hey. Tóftin er gróin grasi, lyngi og víði.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn Jón Ingimarsson og Benedikt Kristjánsson könnuðust ekki við nafn á minjunum eða neinar sagnir um þær. Benedikt kannaðist þó við minjarnar taldi þarna vera heygarða og mögulega sel. Heimildir eru um að heyjað hafi verið í mýrinni¹⁰ en engar heimildir finnast um sel. Útlit minjanna styður að þær geti verið af seli þó svo að ekki verði það fullyrt nema með frekari rannsóknum.

¹⁰ Sýslu- og sóknarlýsingar, 233; Íslenskt fornbréfasafn III, 652

Núpur-1863-2

Hlutverk: Óþekkt/kvíar?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta – er á væntanlegu framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í norðausturhorni lóðar Íslandsbleikju er grösugur mói og þar liggja þrjár fornar tóftir og yngri heytóft. Syðsta tóftin liggur 4m beint suður af meintum seltóftum [1863-1].



Mynd 3. Syðsta tóftin á svæðinu [1863-2], mögulega leifar kvía.

Lýsing

Tóftin er að utanmáli 9m löng og 5m á breidd og liggur norður-suður. Vesturhluti tóftarinnar liggur undir sandhaugi og ekki var hægt að greina hvort á henni kynnu að vera dyr. Veggir voru allt að 60cm breiðir og um 50cm á hæð. Tóftin er gróin grasi og lyngi en víðir vex inni í tóftinni og í veggjum hennar.

Aðrar upplýsingar

Ef tóftirnar eru af seli þá er þarna líklega um að ræða kvíar eða rétt.

Núpur-1863-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/tóft

Hættumat: Mikil hætta – er á væntanlegu framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í norðausturhorni lóðar Íslandsbleikju er grösugur mói og þar liggja þrjár fornar tóftir og yngri heytóft. Um 7m beint vestur af meintri seltóft [1863-1] er vegghluti tóftar sem liggur að mestu undir sandhaugi.



Mynd 4. Tóft [1863-3] sem liggur að stærstum hluta undir sandhaugi.

Lýsing

Veggbrotið er líklega austur skammhlið á tóft og er alls 3,5m á lengd. Veggjahæð er um 40cm utanvert og veggþykkt rétt um 50cm. Veggurinn er vaxin lyngi og tóftin virðist fremur geta tilheyrt meintum seltóftum en heytóftum sem finnast á svæðinu.



Mynd 5. Heytóft [1863-4] í landi Núps.

Núpur-1863-4

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta – er innan við 10m frá framkvæmdasvæðinu

Staðhættir

Í norðaustur horni lóðar Íslandsbleikju er grösugur mói og þar liggja þrjár fornar tóftir og yngri heytóft. Heytóft liggur um 14m norðan meintra seltófta [1863-1].

Lýsing

Tóftin er yngst tóftanna fjögurra í Núpslandi. Hún er upphækkun um 50cm há, mörkuð lágum veggju og um 40cm breiðum og um 30cm háum. Engar dyr eru greinanlegar. Tóftin er að mestu vaxin grasi og mosa þó svo að lyng vaxi að hluta í útveggjum.

Daðastaðir-1863-5

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fast norðan landamerkjagirðingar milli Núps og Daðastaða liggja fimm heytóftir í röð eftir girðingunni endilangri. Vestasta tóftin liggur uppi við girðinguna um 3,5m austur af tóft [1863-4].

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur-suðaustur. Hún er 5,3x3,4m að utanmáli. Veggir eru óverulegir og engar dyr að sjá.



Mynd 6. Vestasta heytóftin í Daðastaðalandi [1863-5]

Daðastaðir-1863-6

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fast norðan landamerkjagirðingar milli Núps og Daðastaða liggja fimm heytóftir í röð eftir girðingunni endilangri. Um 26m suðaustur af tóft [1863-5] er önnur en minni heytóft.

Lýsing

Tóftin er um 30cm þúst sem liggur norðvestur-suðaustur 4,2x4,5 að utanmáli. Við útbrún upphækkunarinnar eru óverulegir veggir um 40cm breiðir og rétt um 10cm háir. Engar dyr eru

á tóftinni sem er að mestu vaxin grasi og lyngi. Vestan hennar er um 2x3m stór dæld þar sem að skorið hefur verið efni í tóftina.



Mynd 7. Þrjár austustu heytóftirnar [1863-7-9] í Daðastaðalandi.

Daðastaðir-1863-7

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fast norðan landamerkjagirðingar milli Núps og Daðastaða liggja fimm heytóftir í röð eftir girðingunni endilangri. Um 1m suðaustur af tóft [1863-6] er heytóft.

Lýsing

Tóftin er 7,3x4m að utanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Tóftin er um 30cm há upphækkun með veggjum um 10cm háum og um 50cm breiðum. Hún er að mestu vaxin grasi og mosa en kjarr er farið að skjóta sér niður í hana.

Daðastaðir-1863-8

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fast norðan landamerkjagirðingar milli Núps og Daðastaða liggja fimm heytóftir í röð eftir girðingunni endilangri. Tvær austustu tóftirnar [1863-8 og 9] liggja nánasta saman en eru þó tvær aðskildar tóftir.

Lýsing

Vestari tóftin er 6x4m að utanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Hún er um 40cm hærri en umhverfið og veggir óverulegir, rétt um 30cm breiðir og 10cm háir. Tóftin er að mestu vaxin grasi og mosa en kjarr farið að skjóta sér niður í hana.

Daðastaðir- 1863-9

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fast norðan landamerkjagirðingar milli Núps og Daðastaða liggja fimm heytóftir í röð eftir girðingunni endilangri. Tvær austustu tóftirnar [1863-8 og 9] liggja nánast saman en eru þó tvær aðskildar tóftir.

Lýsing


Eystri tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er 6x3,6m að utanmáli og rétt um 40cm hærri en umhverfið. Veggir óverulegir um 30cm á breidd og rétt um 10cm á hæð. Tóftin er að mestu vaxin grasi og mosa en kjarr farið að skjóta sér niður í hana.

Samantekt

Alls voru skráðar 9 tóftir við vettvangsskoðun, fjórar í landi Núps og fimm í landi Daðastaða. Flestar tóftanna [1863-4-9] voru dæmigerðar heytóftir, upphækkaðar þústir með óverulegum veggjum þar sem að heyi var staflað upp og það geymt. Þrjár tóftanna [1863-1-3] virtust eldri og gætu vel verið seltóftir þó svo að þær kunni einnig að hafa verið nýttar til að geyma hey. Frekari rannsóknir þarf til ákvarðar aldur og eðli meintra seltófta.

Tafla 1. Tafla sem sýnir fjarlægð tófta frá framkvæmdasvæði.

Númer	Tegund	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
1863-1	Sel?	Á framkvæmdasvæðinu
1863-2	Rétt/kvíar?	Á framkvæmdasvæðinu
1863-3	Óþekkt	Á framkvæmdasvæðinu
1863-4	Heytóft	5m
1863-5	Heytóft	7m
1863-6	Heytóft	3m
1863-7	Heytóft	3m
1863-8	Heytóft	3m
1863-9	Heytóft	4m



Mynd 8. Yfirlitsteikning af minjum á og við framkvæmdasvæðið. Bláu hringirnir sýna útmörk áætlaðra fiskeldiskerja.

Hættumat

Við skráningu minja er mat lagt á í hversu mikill hættu þær kunna að vera vegna fyrirsjáanlegra framkvæmda innan skipulagssvæðis. Þetta er gert til að hægt sé að forða minjum frá skemmdum eða gera, ef þarf, viðeigandi mótvægisáðgerðir. Minjarnar í landi Daðastaða eru norðan landamerkjagirðingar og teljast ekki í mikill hættu en eru þó hafðar hér með vegna nálægðar við framkvæmdirnar.

Meintar seltóftir í landi Núps [1863-1-3] eru hinsvegar á framkvæmdasvæðinu (sjá yfirlitsmynd aftast í skýrslu) og koma, að óbreyttu, til með að hverfa að hluta eða heild við framkvæmdirnar. Heytóft [1863-4] nyrst á svæðinu er í minni hættu en er þó skammt frá sandhaugi og umferð við hann. Frekari fornleifakönnun þyrfti að fara fram til ákvarða aldur og gerð minjanna en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um hvort og til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.

Auk þess sem meintum seltóftum stafar hættu af væntanlegum framkvæmdum eru tvær þeirra [1863-2-3] þegar horfnar að hluta undir sandhaug sem nýlega hefur verið komið upp í tengslum við framkvæmdir á svæðinu. Sand er einnig að finna í syðsta hólfi meintrar seltóftar [1863-1]. Sérstaka aðgát þarf að viðhafa þegar sandur er tekinn úr haugnum austanverðum til að tóftir verði ekki fyrir skemmdum.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást a yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Íslenzkt Fornbréfasafn III 1269-1415. (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt Fornbréfasafn V 1330-1476. (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt Fornbréfasafn VI 1245-1491. (1900-1904). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

J. Johnsen (1847). **Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.** (1847). Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Ný jarðabók fyrir Ísland. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844 (1994). Þingeyjarsýslur. Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Gott mál hf.

Örnefnaskrá Núps. Núpur 1954. Skúli Skúlason skráði eftir Guðmundi Kristjánssyni, með viðbótum. Örnefnastofnun Íslands.

Heimasíða

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af vef Alþingis. Skoðað 19.04.2017.
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Fylgiskjöl


Núpur í Öxarfirði - Skrá yfir minjar og hnit (ISN93)

Dags.	Verknr.	Jörð	Teg.	Hlutverk	Aldur frá	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Veggh. m	Veggþ. m	x	y
08.05.17	1863-1	Núpar	tóft	sel?	1500-1800	vel greinanleg	Mikil hætta	Framkvæmdir	0,6	100,0	613.242	634.897
08.05.17	1863-2	Núpar	tóft	rétt/kvíar?	1500-1800	greinanleg	Mikil hætta	Framkvæmdir	0,5	0,6	613.245	634.879
08.05.17	1863-3	Núpar	tóft	óþekkt	1500-1800	greinanleg	Mikil hætta	Framkvæmdir	0,4	0,5	613.230	634.899
08.05.17	1863-4	Núpar	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	Mikil hætta	Framkvæmdir	0,5	0,3	613.226	634.918
08.05.17	1863-5	Daðastaðir	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	Engin hætta	Framkvæmdir	0,4	0,3	613.233	634.923
08.05.17	1863-6	Daðastaðir	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	Engin hætta	Framkvæmdir	0,3	0,5	613.257	634.903
08.05.17	1863-7	Daðastaðir	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	Engin hætta	Framkvæmdir	0,5	0,5	613.262	634.900
08.05.17	1863-8	Daðastaðir	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	Engin hætta	Framkvæmdir	0,5	0,5	613.273	634.890
08.05.17	1863-9	Daðastaðir	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	Engin hætta	Framkvæmdir	0,5	0,5	613.276	634.886

	Mikil hætta
	Engin hætta

Yfirlitsmynd sem sýnir minjar á og við framkvæmdasvæði
Íslandsbleikju ehf.

N



Núpsmýri

Núpsvatn

0 50 100 150 m

Uppdráttur af framkvæmdasvæði:
AVH arkitektastofa